

**Menntaskólinn á Akureyri**  
**Íslenska 403**  
**Haustönn 2011**

Arnar Már Arngrímsson ([arnar@ma.is](mailto:arnar@ma.is)) 3U, Gunnhildur Ottósdóttir ([gott@ma.is](mailto:gott@ma.is)) 3G, 3TX,  
Stefán Þór Sæmundsson ([stefan@ma.is](mailto:stefan@ma.is)) 3A, 3H, Sverrir Páll Erlendsson ([svp@ma.is](mailto:svp@ma.is)) 3F, 3I.

### Áfangalýsing

Í þessum áfanga verður fjallað um valdar bókmenntir á tímabilinu 1550-1900. Lesnar verða tvær skáldsögur frá 20. öld sem gerast á þessum tíma og þær greindar í þaula. Mikil áhersla verður lögð á bundið mál enda það bókmenntaform sem mest vægi hafði fyrr á öldum. Nemendur munu í þessu skyni kynna sér bragfræði og setja saman vísur. Ritun skipar veigamikinn sess og fá nemendur tækifæri til að semja fjölbreytta texta. Kennarar munu rissa upp bókmenntasögu tímabilsins eftir því sem við á.

### Markmið

Nemendur þekki helstu stílbrögð, s.s. í myndmáli ljóða  
Nemendur þekki algengar bragreglur og bragarhætti – forna og nýja  
Nemendur geti greint og túlkað kvæði og ljóð frá fyrri öldum  
Nemendur geti sett saman réttar ferskeytlur  
Nemendur geti greint og túlkað laust mál frá fyrri öldum  
Nemendur átti sig á mikilvægi bókmennta í menningunni  
Nemendur vinni í því að auðga orðaforða sinn og nota hann í ræðu og riti

### Námsefni

Halldór Laxness. **Íslandsklukkan** (1. hluti) - Allar útgáfur koma til greina.  
Sjón. 2005. **Skugga-Baldur**. Bjartur, Reykjavík.  
**Ormurinn langi**. 2005. Bragi Halldórsson o.fl. tóku saman. Bjartur, Reykjavík.  
Bragi Halldórsson og Knútur S. Hafsteinsson. 2001. **Ljóðamál**. Mál og menning, Reykjavík.  
Fyrirlestrar og ítarefni frá kennara.

### Námsmat

*Íslandsklukkan*: Lespróf og ritunarverkefni 10%  
*Skugga-Baldur*: Skapandi skrif 10%  
*Kvæða- og vísnaverð*: Nemendur safna eigin vísnum og annarra í vísnaþók 10%.  
(Lágmarkseinkunn í þessum námsþætti er 7. Nái nemandi ekki þeirri einkunn þarf hann að skila verkefninu á nýjan leik)  
*Jónas Hallgrímsson og samtíminn*: Bókmenntadagskrá 10%

Lokapróf 60% úr öllu efni áfangans.

Nemendur þurfa að skila öllum verkefnum annarinnar til að öðlast próftökurétt.

Áfanganum er skipt í lotur sem gerir þá kröfu til nemenda að þeir komi einatt vel lesnir í tíma og vinni jafnt og þétt yfir önnina. Vert er að taka fram að það er kennarans að ákveða hvort og hvenær tölvur eru notaðar í tíma.

Nemendur skulu safna glósum og verkefnum í vinnuöppu.

### **Íslandsklukkan**

Fyrsti hluti Íslandsklukkunnar lesinn vandlega með nemendum. Fjallað verður um bókmenntaleg og málfarsleg einkenni. Í tengslum við lesturinn verða tekin dæmi af reisubókum og galdraritum frá 18. öld. Nemendur gera ýmis ritunar- og orðaforðaverkefni ásamt stílæfingum.

### **Kvæða- og vísnaverð**

Nemendur lesa kvæði, vísur og annað bundið mál og setja sjálfir saman vísur. Rímnahefðin verður skoðuð sérstaklega og nemendur fá tilsögn í flutningi kveðskapar.

### **Skugga-Baldur**

Fjallað verður með fjölbreyttum hætti um söguna, tengsl við þjóðsögur og menningararfinn almennt.

### **Jónas Hallgrímsson og samtíminn**

Nemendur vinna í hópum að bókmenntadagskrá um Jónas Hallgrímsson.

### **Raunsæi**

Lesnar verða nokkrar raunsæissögur ásamt ljóðum úr Orminum langa.

---

Ekki er ólíklegt að við förum saman í bíó, leikhús eða vettvangsferð ef eitthvað áhugavert rekur á fjörur okkar. Kennsluáætlun er þess vegna lögð fram með fyrirvara um breytingar.

Með von um gott samstarf,

Arnar, Gunnhildur, Stefán Þór og Sverrir Páll.

## Kvæðalisti úr Orminum langa

190, 192, 212-213, 215-218, 223, 232, 233, 234, 243, 244, 253-256, 260, 277-279, 284-286, 288-289, 296-297, 301-312, 329-330, 335-336, 346, 351, 365, 379, 382.

Vika	Efni	Lestur	Verkefni
vika 1-4 15. sept. - 7.okt.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Íslandsklukkan</li> <li>Ferðasögur</li> <li>Galdrar í ljósi trúarbragða</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Íslandsklukkan, fyrsti hluti</li> <li>Brot úr reisubókum (Ormurinn)</li> <li>Píslarsaga Jóns Magn. (Ormurinn)</li> </ul>	<i>Nemendur</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>skrifa eigin ferðasögu með hliðsjón af þeim gömlu</li> <li>æfa leiklestur úr Klukkunni</li> <li>vinna verkefni tengd göldrum <u>Lespróf og ritunarverkefni 10%</u></li> </ul>
vika 5-8 10.okt – 4. nóv.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kvæða- og vísnagerð</li> <li>Nemendur kveða</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kveðskapur úr Orminum ásamt ýmsu úr smiðju kennara</li> <li>Ljóðamál</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>greina ljóð, skoða bragarhætti og semja eigin verk. Safna í Vísnaþók</li> <li>æfa flutning kvæða og rímna <u>Vísnaþók 10%</u></li> </ul>
vika 9–10 7. nóv. - 18. nóv.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skugga-Baldur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skugga -Baldur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>lesa verkið í tíma að hluta, æfa upplestur og framsögn <u>Skapandi skrif 10%</u></li> </ul>
vika 11–13 21. nóv. - 9. des.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Jónas Hallgrímsson, rómantík og samtíminn</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ljóð úr Orminum og fleira til</li> <li>Sögur af Jónasi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>vinna hópverkefni <u>Samfelld dagskrá um Jónas 10%</u></li> </ul>
vika 14-15 12.-20. des. 4. - 6. jan .	<ul style="list-style-type: none"> <li>Raunsæi í bókmenntum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Sögur og ljóð úr Orminum langa ásamt tilleggi frá kennara eftir því sem þurfa þykir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>greina sögur og ljóð og skoða einkenni raunsæis</li> <li>semja þjóðfélagsádeilu í anda Gestis Pálssonar</li> </ul>
vika 16 9.-10. jan	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samantekt og uppgjör</li> </ul>		